



Varðandi: Jólatrésskemmtun á Akratorgi
Málsnúmer: 1611135
Dagsetning: 21. nóvember 2016

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að veita viðbótarfjármagn vegna jólatrésskemmtunar á Akratorgi samtals kr. 500.000.

Fjárhæð skal ráðstafað af lið 13120-4980.

GREINARGERÐ: Menningar- og safnanefnd samþykkti á fundi sínum þann 15. nóvember sl. að ráðstafa fjármunum vegna viðburða þannig að árlegur viðburður við tendrun jólatrés á Akratorgi yrði á virkum degi með aðstoð leikskólabarna og yngstu bekki grunnskólans og að þeir fjármunir sem annars yrði varið í skemmtunina yrðu nýttir til að styðja við tilraunaverkefnið *Leitin að jólasveininum* í Garðalundi. Tillagan var kynnt óformlega á fundi bæjarráðs. Breytingin féll ekki í góðan jarðveg á meðal bæjarbúa og samþykktu fulltrúar menningar- og safnanefndar að halda í hefðirnar á Akratorgi, það er að hafa tendrun jólatrésins um helgi þannig að öll fjölskyldan geti mætt.

Að ofangreindu sögðu er lagt til við bæjarráð að veita viðbótarfjármagn til hátíðarhalda á Akranesi þar sem hægt er að bjóða bæjarbúum uppá bæði jólatrésskemmtun og áðurnefndan viðburð í Garðalundi. Fjárhæðinni samtals kr. 500.000 skal ráðstafað af lið 13120-4980.

Með vísan til framanritaðs gerir bærarstjóri ofangreinda tillögu.


Regína Ásvaldsdóttir
bærarstjóri